



8. bekkur

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru **grunnþættir menntunar** eftirfarandi:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun

Leitast er við að tengja grunnþætti menntunar inn í nám og kennslu á sem fjölbreyttastan hátt. Hægt er að nálgast upplýsingar um hvern þátt fyrir sig á heimasíðu Lindaskóla: <http://lindaskoli.is/grunnthaettir-menntunar/>

Rík áhersla er lögð á **lykilhæfni** og er hún hluti af náminu. Nemendur þurfa því að huga að lykilhæfni í öllum námsgreinum. Það sem er metið eru vinnubrögð, virkni í hópstarfi, frumkvæði o.s.frv. Í aðalnámskrá grunnskóla er lykilhæfni skipt í fimm hluta:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi



Íslenska

Tímafjöldi á viku: 7 kennslustundir

Kennarar: Sigríður Dóra Gísladóttir og Þóra Björg Stefánsdóttir

Námsefni

Málið í mark – fallorð, Málið í mark- óbeygjanleg orð, ritstj. Ása Marín Hafsteinsdóttir, Finnur I, Svanhildur Kr. Sverrisdóttir, Laxdæla, stytt og endursögð af Gunnari Karlssyni, Peðið á plánetunni Jörð, Olga Guðrún Árnadóttir, Lygasa, Kristín Ragna Gunnarsdóttir, Ég þoli ekki bleikt, Ragnheiður Gestsdóttir, Smásagnasmáræði, ýmsir höfundar, kjörbækur, ljóð, þjóðsögur og goðsögur. Auk þess verður ljósritað efni nýtt og stuðst við ýmis uppflertirit s.s. Málfinn, Skrifinn, Hugfinn, íslenska orðabók, samheitaorðabók og málshátta- og orðtakabækur. Spjaldtölvur eru nýttar við kennslu, þjálfun og til upplýsingar fyrir nemendur. Dæmi um upplýsingaveitur sem unnið er með er vefur Árnastofnunar, Skólavefurinn og vefur Miðstöðvar menntunar og skólaþjónustu.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir eru fjölbreyttar þar sem unnið er með bókmenntir og lestur, ritun, tjáningu, málfræði og stafsetningu. Markmiðið er að gera nemendur betri málnotendur og glæða áhuga þeirra á móðurmálinu. Mikil áhersla er lögð á bókmenntir og lestur með það að markmiði að nemendur geti lesið sér til gagns og ánægju. Nemendur þjálfast í að tjá sig munnlega og skriflega og öðlast færni í skipulögðum vinnubrögðum við ritgerðasmíð. Nemendur kynnst beygingar- og merkingarlegum einkennum allra orðflokka og átta sig á hlutverki þeirra í texta. Ýmist er unnið einstaklingslega eða í samvinnu við aðra, í para- og hópvinna. Lögð er áhersla á sjálfstæði, góð vinnubrögð og ábyrgð á eigin námi.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Talað mál, hlustun og áhorf	<ul style="list-style-type: none">geti átt góð samskipti þar sem gætt er að máli, hlustun, tillitsemi, virðingu og kurteisigeti flutt mál sitt skýrt og áheyrilega



<p>Lestur og bókmenntir</p>	<ul style="list-style-type: none">• geti tjáð skoðanir sínar með ýmsum hætti og rökstutt þær• geti tekið tillit til skoðana annarra og hlustað af athygli• geti lesið fjölbreyttan texta með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað• geti lesið sér til gagns og ánægju og hafi styrkt stöðu sína m.t.t. lestrarhraða og lesskilnings• geti lesið almenna texta af öryggi og með góðum skilningi, lagt mat á þá og túlkað• átti sig á einkennum ævintýra, þjóðsagna og goðsagna• geti gert grein fyrir helstu einkennum Íslendinga sagna• geti áttað sig á muninum á örsögu, smásögu og skáldsögu
<p>Ritun</p>	<ul style="list-style-type: none">• geti greint ljóð og þekki þau ljóða- og bókmenntahugtök sem þeir þurfa að kunna skil á við lok 8. bekkjar, s.s. boðskap, tíma, sjónarhorni, umhverfi, rími, ljóðstöfum og myndmáli• geti skrifað skýrt og greinilega og beitt ritvinnslu af öryggi, notað orðabækur og önnur hjálpargögn, gengið frá texta, vísað til heimilda og skráð þær• beiti skipulegum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar• geti beitt helstu stafsetningar- og greinamerkjareglum• notað málshætti og orðtök til að auðga málið• geti tjáð hugmyndir sínar og skoðanir og færð rök fyrir þeim í rituðu máli, samið texta frá eigin brjósti og sé óhræddur við að beita ríkulegu tungutaki í skapandi ritun



Málfræði	<ul style="list-style-type: none">• geti beitt helstu málfræðihugtökum sem hann þarf að hafa á valdi sínu við lok 8. bekkjar• átti sig á því að orðaforðinn skiptist í fallorð, sagnorð og smáorð í texta og geti greint þau í texta• geti greint óbeygjanleg orð í texta og greint þau í undirflokk• geti flett upp í handbókum, orðasöfnum og rafrænum orðabönkum og nýtt sér málfræðilegar upplýsingar sem þar er að finna• geti beitt þekkingu sinni í málfræði við að búa til setningar, málsgreinar og efnisgreinar• átti sig á skyldleika íslensku við önnur mál og að tungumál, þar á meðal íslenska, séu í sífelldri þróun• geti gert sér grein fyrir mikilvægi góðrar færni í máli og ábyrgð sinni við að bæta mál sitt
----------	---

Námsmat

Námsmat er fjölbreytt þar sem verkefni, kannanir og próf vetrarins eru metin ásamt vinnubrögðum (lykilhæfni). Í lok 8. bekkjar er vorpróf í íslensku.



Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 7 kennslustundir

Kennari: Arndís Ármann Halldórsdóttir og Linda Arilíusdóttir

Námsefni

8-10 bækur 1 og 2. Vinkill 1. Námsefni af netinu.

Kennsluaðferðir

Lögð áhersla á samvinnu nemenda við lausn á verkefnum.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hringir og hyrningar	<ul style="list-style-type: none">• geti unnið með hringfara og notfært sér hringfara við lausn verkefna auk vinnu að sjálfstætt skapandi myndverkum.
Algebra	<ul style="list-style-type: none">• þekki forgangsröð aðgerða• þekki hugtakið stæða• geti rannsakað mynstur, leyst jöfnur og notað breytistærðir
Hlutföll	<ul style="list-style-type: none">• geti notað línurit til að koma upplýsingum frá sér og parað saman jöfnur og línurit
Almenn brot, tugabrot og prósentur	<ul style="list-style-type: none">• geti áttað sig á muninum á hlutfalli af heild og hlutfalli milli hópa• geti lesið úr mælikvörðum á korti til að finna raunverulega fjarlægð milli staða
Tölfræði	<ul style="list-style-type: none">• geti gert brot jafngild• geti fundið hluta af heild



Frumtölur, tölur	<ul style="list-style-type: none">• geti fundið lægsta samnefnara með frumþáttun• geti unnið með sætiskerfið og uppbyggingu tugakerfisins• geta beitt prósentureikningi þar sem unnið er með hluta af heild, hækkun og lækkun• geti skilgreint og unnið með hugtökin tíðni, meðaltal, miðgildi, dreifingu og tíðnitöflur
Þrívídd	<ul style="list-style-type: none">• geti gert og lesið úr myndritum• þekki frumtölur og ferningstölur
Líkindi	<ul style="list-style-type: none">• geti fundið hvort tala er frumtala eða ekki• geti hafið tölu upp í veldi• geti fundið rót tölu
Metrakerfi	<ul style="list-style-type: none">• geti rakið samsetta tölu í frumþætti• þekki hugtökin réttstrendingur, sívalningur, teningur, þrístrendingur og sexstrendingur• geti fundið rúmmál mismunandi strendinga• geti skilgreint hugtakið líkindi• geti nýtt sér líkindatré til lausna verkefna• þekki algengustu lengdarmælingarnar• geti skráð lengdir í mismunandi mælieiningum

Námsmat

Lögð er áhersla á fjölbreytt námsmat. T.d. skriflegar kannanir, hópverkefni, skilaverkefni unnin heima, tímaverkefni, paravinna og glósupróf.



Enska

Tímafjöldi á viku: 3 tímar

Kennari: Kolbrún Heiða Kolbeinsdóttir & Sigríður Dóra Gísladóttir

Námsefni

Spotlight 8 námsbók og vinnubók. Málfræðiverkefni, kjörbók, kvikmynd og hlaðvarp. Fjölrítuð verkefni og efni unnið af internetinu.

Kennsluaðferðir

Enskunám nemenda miðast við hæfniviðmið Aðalnámskrá Grunnskóla (2011), þau eru: hlustun, frásögn, lesskilningur, ritun, samskipti og menningarläsi. Lagt verður upp með fjölbreytta kennsluhætti, með það markmið að styrkja og þjálfa nemendur í sem flestum þáttum sem snúa að ensku máli. Það verður unnið með valin þemu úr námsbókinni. Hlustunaræfingar og ritunarverkefni fylgja námsefninu. Hópvinna er stór þáttur kennslunnar þar sem nemendur fá tækifæri til að æfa samræður, tjáningu og dýpka skilning sinn á efninu. Nemendur lesa kjörbók og horfa á kvikmynd og vinna verkefni þessu tengdu. Áhersla verður lögð á að kynnast menningu enskumælandi landa. Einnig verður lögð áhersla á frásögn og fá nemendur tækifæri til að kynna verkefni sín fyrir samnemendur sína.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Málfræði Hlustun Frásögn Lesskilningur Ritun Samskipti Menningarläsi	<ul style="list-style-type: none">• Tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt.• Án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.• Hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim.



- Aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt.
- Lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.
- Tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í.
- Tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.
- Tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum.
- Flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi.
- Samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.
- Skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum.
- Skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við.



- Tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu.
- Leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflið njóta sín.
- Sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni.
- Sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma.
- Getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.
- Beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða.
- Beitt á raunsæjan hátt sjálfsmati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf.
- Nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi.
- Unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja.
- Nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. ítarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.



Námsmat

Símat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár en lögð verður áhersla á að efla; hlustun, lesskilning, samskipti, frásögn, ritun, menningarläsi og námshæfni. Matið byggist m.a. á leiðsagnar- og jafningjamati, lesskilnings- og orðaforðakönnunum, hlustunarverkefnum, virkni og hegðun, framsögn/frásögn, ritunar-, hóp- og heimaverkefnum.



Danska

Tímafjöldi á viku: 3 tímar

Kennari: Erla Karlsdóttir

Námsefni

Tak, lesbók og vinubók eftir Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur og Ernu Jessen. Tænk, (valið efni úr bókinni) lesbók og vinnubók eftir Ásdísi Lovísu Grétarsdóttur og Ernu Jessen. Léttlestrarbók og ævintýri verða lesin ásamt ýmsum textum. Unnið er með kvikmyndir, þætti, tónlist og ýmiskonar hljóð- og myndefni á dönsku. Málfræði og verkefnahefti frá kennara og fjölbreytt verkefni unnin á Classroom og í ípad.

Kennsluaðferðir

Lögð er áhersla á fjölbreyttar kennsluaðferðir í hópum eða á einstaklingsgrunni til að miðla ólíkum námsþáttum dönskukennslunnar. Unnið er með orðaforða, málfræði, lesskilning, talað mál og hlustun í gegnum fjölbreyttan texta, ritun, samtalsverkefni, hlustunar og áhorfsefni með það markmið að auka færni nemenda í tungumálinu jafnt og þétt yfir veturinn. Í skipulagi námsins og kennslu í faginu er unnið út frá lykilhæfni og grunnþáttum menntunar sem fléttast með ólíkum hætti inn í vinnu nemenda.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Málfræði Hlustun	<ul style="list-style-type: none">• geti unnið með grunnatriði danskrar málfræði.• geti hlustað eftir upplýsingum og unnið með þær til að auka orðaforða• geti án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr.
Lesskilningur	



Samskipti	<ul style="list-style-type: none">• geti aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu.
Frásögn	<ul style="list-style-type: none">• geti lesið sér til gagns og ánægju stuttar og einfaldar bækur og rauntexta, unnið úr og brugðist við efni þeirra og myndað sér skoðanir á því.• geti tekið þátt í óformlegu spjalli um efni sem nemandinn er vel heima í.
Ritun	<ul style="list-style-type: none">• geti tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu.• geti flutt stutta frásögn eða kynningu um undirbúið efni.• geti samið og æft frumsamið efni, einn eða í félagi við aðra.• geti skrifað um eða brugðist við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar. Geti tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar og reynslu og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.
Menningarläsi	<ul style="list-style-type: none">• geti sýnt fram á að hann þekki nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélag málsvæðisins og það sem er efst á baugi hverju sinni.
Námshæfni	<ul style="list-style-type: none">• geti unnið sjálfstætt og með öðrum• geti nýtt sér hjálpartæki, s.s. uppflöttirit og netið• Geti beitt sjálfs- og jafningjamati og sýnt frumkvæði og beitt gagnrýninni hugsun við úrlausn verkefna



Námsmat

Námsmat í dönsku er símat sem er unnið með ólíkum hætti yfir veturinn og byggir á fjölbreyttum verkefnum og úrlausnarefnum í öllum efnispáttum dönskunnar. Allt námsmat er unnið út frá hæfniviðmiðum hvers efnispáttar eins og við á með það að markmiði að auka skilning nemenda á dönsku og þjálfra í notkun málsins.

Samfélagsgreinar – Landfræði

Tímafjöldi á viku: 3 (hálfan vetur)

Kennari: Margrét Ásgeirsdóttir

Námsefni

Um víða veröld – Jörðin höfundur Hilmar Egill Sveinbjörnsson, Kortabók, Netíð og ýmis annað tilfallandi efni. *Draumalandið* höfundar kennarar unglिंगadeildar Grunnskóla Borgarness – uppfært af Margréti Ásgeirsdóttur.

Kennsluaðferðir

Námið byggir að stórum hluta til á umræðum og upplýsingaleit. Spjaldtölvan er mikið notuð sem námstæki til verkefnavinnu og í upplýsingaleit hvers konar. Hópvinna er stór þáttur kennslunnar þar sem nemendur fá tækifæri til að æfa samræður, tjáningu og dýpka skilning sinn á efninu. Mikið er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum.

Áætlun

Efnispættir	Nám sviðmið Nemandinn:
Jörðin verður til Draumalandið	<ul style="list-style-type: none">þekki alheiminn og tilurð hans



	<ul style="list-style-type: none">• þekki innræn og útræn öfl og áhrif þeirra á líf manna á jörðinni• þekki bauganet jarðar og geti reiknað fjarlægðir með mismunandi mælikvörðum• skilji áhrif náttúrufars á athafnir manna• þekki helstu hafstrauma og áhrif þeirra á mannlíf á jörðinni• geri sér grein fyrir afleiðingum að gjörðum manna í tengslum við ofnýtingu auðlinda• geti fjallað um náttúruferla sem mynda og móta land og hafa áhrif á lofslag og gróður• geti útskýrt megineinkenni gróðurfars, loftslags, vinda og hafstrauma jarðar og hvernig þessir þættir móta ólík lífsskilyrði• geti greint mynstur mannglegra athafna sem móta og breyta umhverfi og búsetuskilyrðum• geti sýnt fram á skilning á eðli sjálfbærrar þróunar og þýðingu hennar fyrir umhverfi, samfélag og efnahagslíf
--	---

Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmat. Matsaðferðirnar eru fjölbreyttar og byggja á viðfangsefninu hverju sinni.

Samfélagsgreinar – Saga

Tímafjöldi á viku: 3 (hálfan vetur)

Kennari: Margrét Ásgeirsdóttir



Námsefni

Lýðræði og tækni eftir Synnøve Veinan Hellerud og Sigrid Moen, Netíð og ýmislegt annað efni sem tengist viðfangsefninu.

Kennsluaðferðir

Námið byggir að stórum hluta til á umræðum og upplýsingaleit. Spjaldtölvan er mikið notuð sem námstæki til verkefnavinnu og í upplýsingaleit hvers konar. Hópvinna er stór þáttur kennslunnar þar sem nemendur fá tækifæri til að æfa samræður, tjáningu og dýpka skilning sinn á efninu. Mikið er lagt upp úr sjálfstæðum vinnubrögðum.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Saga 19. aldar Byltingar sem hafa áhrif á samfélagið Ameríska stjórnarbyltingin Franska byltingin Napóleón Fólksfjölgun og tækniframfarir Myndun þjóðríkja Evrópumenn leggja heiminn undir sig Þjóðfrelsi og lýðræði	<ul style="list-style-type: none">• skapi sögu um fólkið í fortíðinni og sýni hvernig félagslegir rammar hafa áhrif á hugsanir og gerðir fólks• geri sér grein fyrir hlutverki heimilda, sjónarhorna og gildismats í sögu og sameiginlegum minningum• þekki muninn á sagnarheimild og vottaheimild• skoði orsakir og afleiðingar ýmissa stóratburða í sögunni• geti greint afmarkaða efnispætti stórrar eða smárrar sögu• geti sýnt fram á þekkingu og gagnrýna sýn á tímabil, atburði, persónur, menningartengsl og þróunarferla á ýmsum tímum



Námsmat

Námsmatið byggir á leiðsagnarmat. Matsaðferðirnar eru fjölbreyttar og byggja á viðfangsefninu hverju sinni.



Samfélagsgreinar - lífsleikni

Tímafjöldi: 1 tími í mánuði

Kennari: Margrét Ásgeirsdóttir

Námsefni

68 æfingar í heimspeki eftir Jóhann Björnsson, Allir eiga rétt vefur Barnahjálpar Sp, Kompás – vefur og annað efni sem kennarinn velur.

Kennsluaðferðir

Kennsluaðferðir sem auka hæfni í samfélagsgreinum m.a. umræðu- og spurnaraðferðir sem þjálfá samræðu og gagnrýna hugsun. Hópvinna sem felur í sér samkennd, samræður og tjáningu. Bekkjafundir sem reyna á lýðræðislegt skipulag, umburðalyndi og gagnkvæma virðingu.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Félagsvitund	<ul style="list-style-type: none">• geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn og viðhorf, á ýmsum stöðum og tímum• geti tekið sjálfstæðan þátt í lýðræðislegu samstarfi og samræðu• geti vegið og metið skoðanir og upplýsingar, brugðist við þeim á fordómalausn og réttisýnan hátt• geti fengist við samfélagsleg og siðferðisleg málefni af mismunandi sjónarhólum• geti komið þekkingu sinni og viðhorfum á framfæri með fjölbreyttum og markvissum hætti, einn sér og í samstarfi við aðra
Umburðarlyndi	
Félagsfærni	
Jafnrétti	
Réttlæti	
Virðing	
Mannréttindi	
Samræða	
Gagnrýn hugsun	
Tjáning	



	<ul style="list-style-type: none">• geti ígrundað eigin getu til aðgerða og gert sér grein fyrir afleiðingum gerða sinna eða aðgerðaleyfis• geti greint jákvæð og neikvæð áreiti og staðist þrýsting, sem stefnir heilsu og velferð fólks í voða
--	---

Námsmat

Námsmat byggir á virkni í tímum, þátttöku í umræðum og samvinnu.



Náttúrufræði

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir

Kennari: Ásta Björk Agnarsdóttir

Námsefni

Fyrir áramót er unnið í líffræði. Valdir kaflar úr bókinni *Lífheimurinn* eftir *Susanne Fabriciou, Fredrik Holm* o.fl. Þýdd og staðfærð af Hálfan Ómari Hálfánarsyni. Námsgagnastofnun gaf út árið 2010. Eftir áramót í 8. bekk er farið í efnafræði og unnið út frá efnið bókanna *Efnisheimurinn* eftir *Hafþór Guðjónsson*.

Kennsluaðferðir

Líffræði: Úr lesbók er unnið út frá texta bókanna og fjallað um flokkunarfræði og ríki lífvera. Mest áhersla er á ríki plantna og í framhaldi af þeirri umræðu eru bakteríur og veirur teknar fyrir og svo þörungar, frumverur og sveppir. Farið er í í helstu einkennum þessara lífvera. Lögð er áhersla á lestur og spjall nemenda og kennara um lífverurnar og tengsl þeirra við daglega lífið og reynslu nemenda. Nemendur vinna verklega vinnu í tengslum við efnið; þeir rækta bakteríur, skoða frumur í smásjá og ýmsa plöntuhluta í víðsjánni og kynnast starfsemi þeirra. Einnig er horft á stutta fræðsluþætti í tengslum við efnið.

Efnafræði: Stuðst við texta bókanna og farið í grunnhugtök efnafræðinnar. Verkefnavinna í tímum auk stærri verkefna í þörum eða hópum. Gerðar verða litlar einfaldar athuganir í tímum til að dýpka skilning nemenda.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
<u>LÍFFRÆÐI:</u> Flokkun lífvera	<u>LÍFFRÆÐI:</u> <ul style="list-style-type: none">Velti fyrir sér hvað einkennir líf



Nafnagift lífvera	<ul style="list-style-type: none">• Þekki frumuna sem grunneiningu allra lífvera og þekki helstu frumulíffæri• geti útsýrt muninn á frumum dýra og plantna• æfist í notkun smásjár og víðsjár• þekki skiptingu lífvera niður í fimm ríki og hvernig staðið er að því að gefa lífverum fræðiheiti• geti sagt frá helstu hlutum plantna og útskýrt virkni þeirra (rætur, blóm, æxlunarfæri, æðar)• sækir sér efnivið út í náttúruna og nýti greiningalykla til að finna heiti plantna• geti útskýrt ljóstillífun og skilið nauðsyn þess ferlis• kynnist vinnubrögðum vísindanna; þekki vísindalegt vinnuferli og byrji að tileinka sér ákveðin vinnubrögð við skýrslugerð• geri sér grein fyrir hvernig tilkoma smásjárinnar opnaði nýja veröld innan líffræði og læknisfræði og velti fyrir sér lífinu án þessarar tækni• taki sýni í umhverfi sínu og kynnist ferlinu við að rækta bakteríur• geri sér grein fyrir að til er heil veröld örvera sem ekki er sýnileg nema með notkun tækja• geti nefnt mismunandi einfruma lífverur og helstu einkenni þeirra• geti útskýrt af hverju veirur teljast ekki til lífvera og þekki fjölgun þeirra• geti útskýrt hversu mikilvægu hlutverki margar einfruma lífverur gegna fyrir aðrar lífverur jarðarinnar og að sama skapi geti skaðsemi þeirra verið mikil• geri sér grein fyrir að ýmsir sjúkdómar orsakast af einfruma lífverum, þekkir nokkra þeirra og hvernig bregðast má við
Fruman	
Fræplöntur	
Bakteríur	
Veirur	
Plöntusvif	
Frumdýr	
Sveppir	



	<ul style="list-style-type: none">• kynnist niðurbroti efna í skólastofunni og á skólalóð og geti útskýrt ástæður niðurbrotsins• velti fyrir sér eigin umgengni og geri sér grein fyrir hvaða áhrif hún getur haft• geti sagt frá einkennum sveppa og útskýrt gagnsemi þeirra og skaðsemi• lesi texta úr daglegu lífi og tengi við kunnáttu sína úr náminu• geti útskýrt ýmis hugtök sem tengjast vistfræði lífvera s.s. sníkill, hýsill og rotvera• taki þátt í umræðum um hvernig hans daglega líf tengist þeim lífverum sem rætt er um hverju sinni
<u>EFNAFRÆÐI:</u> Frumeind Sameind Efnasamband Frumefni Efnablanda Hamur efnis Hamskipti Efnajöfnur	<u>EFNAFRÆÐI:</u> <ul style="list-style-type: none">• geti sagt frá fyrstu hugmyndum vísindamanna um gerð efnis• geti sagt frá frumeindakenningu John Daltons• geti útskýrt hugtökin frumeind, sameind og efnasamband og nýtt þá vitneskju til að segja til um uppbygging efna í umhverfinu• viti hvernig frumefnin eru táknuð og þekki efnatákn helstu frumefna og efnasambanda• geti sagt fyrir um hvort efni sé frumefni, efnasamband eða efnablanda• geri sér grein fyrir að efni geta skipt um ham og geti útskýrt mismunandi hamskipti• geti notað efnajöfnu til að tákna hamskipti efnis og kunni að stilla einfalda efnajöfnu• þekki hvað gerist við bræðslumark og suðumark efna• þekki tengslin milli suðumarks og loftþrýstings



	<ul style="list-style-type: none">• geti útskýrt muninn á hamskiptum og efnahvarfi• geti útskýrt uppbyggingu frumeindar úr öreindum og þekki hleðslu þeirra og staðsetningu í frumeindinni• þekki hugtökin sætistala og frumeindamassi og viti hvaða upplýsingar þessi hugtök gefa• geri sér grein fyrir hvernig jónir myndast og geti útfrá því útskýrt ferli í náttúrunni – t.d hvers vegna hlutir ryðga• þekki uppbyggingu lotukerfisins og geti notað það til að sækja sér upplýsingar• geti útskýrt hvað það merkir að efni sé hvarfgjarnt eða stöðugt• viti hvað það merkir að efni sé geislavirkt og geri sér grein fyrir hættunni sem slík efni geta valdið• þekki lögmálið um varðveislu massans
--	--

Námsmat

Líffræði: Fylgst með vinnu og virkni nemenda í tímum. Nemendur skila inn verkefnum og taka stuttar kannanir á önninni. Nemendur skila inn skýrslu um bakteríuræktun. Að lokinni yfirferð efnisins er lokapróf úr efninu (haustönn).

Efnafræði: Fylgst með vinnu og virkni nemenda í tímum. Stuttar kannanir, skýrsluskil og ýmis verkefni. Að lokinni yfirferð er lokapróf úr efninu (vorönn). Lögð er áhersla á leiðsagnarmat í formi umsagna fyrir verkefni og kannanir.



Íþróttir og sund

Tímafjöldi á viku: 3 stundir

Kennari: Lilja Íris Gunnarsdóttir, Haukur Már Ólafsson og Vilhelmína Þór Óskarsdóttir.

Námsefni

Kennsluaðferðir

Markmið íþróttá- og sundkennslu í 8. bekk er að efla hreyfifærni, samhæfni og félagsþroska nemenda, auka líkamspól þeirra, kraft og liðleika. Farið verður meira í knattleiki heldur en í yngri bekkjunum þar sem undirstöðuatriði og reglur verða kynntar. Lögð verður áhersla á aukna samvinnu og virkni nemenda í íþróttatímum. Reynt verður að fara í sem flesta námsþætti þannig að nemendur finni eitthvað við sitt hæfi.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Íþróttir: <ul style="list-style-type: none">• Leikir• Samvinna• Einstaklingsþjálfun• Grunnþjálfun• Fimleikar• Frjálsar íþróttir• Knattleikir• Þolpróf• Dans	<ul style="list-style-type: none">• efli líkams- og félagsþroska.• auki þol, kraft, snerpu og liðleika.• efli tjáningu og sköpun.• haldi við grunntækni.• efli samvinnu og virkni.• auka hugmyndaflæði og notkunargildi spjaldtölvunnar til að efla líkamshreyfni.



<p>Sund:</p> <ul style="list-style-type: none">• bringusund• skriðsund• baksund• kafsund• þolsund• tímatökur	<ul style="list-style-type: none">• Að nemandi geti synt 75 metra skriðsund.• Að nemandi geti synt 50 metra baksund.• Að nemandi geti synt að hlut í miðri laug og kafað eftir honum á allt að 2 metra dýpi og synt til baka.• Að nemandi geti synt 50 metra bringusund þar sem lágmarkstími er 65 sek drengir og 67 sek stúlkur• Að nemandi geti synt 25 metra skriðsund þar sem lágmarkstími er 28 sek drengir og 30 sek stúlkur• Að nemandi geti synt 400 metra þolsund með frjálstri aðferð..• Að nemandi geti troðið marvaða í a.m.k eina mínútu.
---	--

Námsmat

Íþróttir: Námsmat í færni: liðleiki , kraftur (langstökk án atrenu og armbeygjur), hraði (20 m sprettur), samhæfing (sippa í 1 mín) og þol (val á milli píptests og cooper tests).

Sund: Námsmat í færni: Tímatökur og tæknisund.

Námsmat í íþróttum og sundi byggist á símati kennara allan veturinn: hegðun, virkni, íþróttaföt og mæting.

Unnið er eftir hæfniviðmiðum aðalnámskráar og gefin er heildarlokæinkunn að vori í bókstöfum.



Upplýsingatækni

Tímafjöldi á viku: Kennsla í upplýsingatækni fléttast saman við aðrar námsgreinar og því ekki hægt að skilgreina tímafjölda á viku.

Kennari: Þeir kennarar sem koma að kennslu í árganginum.

Námsefni

G-Suite, myndvinnsluforrit, frjáls hugbúnaður, öpp, Heimir handbók um heimildaritun, fingrasetning, netið og fleiri forrit sem henta nemanda hverju sinni og stafræn listsköpun.

Kennsluáðferðir

Sýnikennsla, verklegar æfingar, sjálfstæð vinnubrögð og samvinna. Nemendur læra að nota mismunandi forrit og skila niðurstöðum með miðlum upplýsingatækninnar. Nemendur læra að nýta hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt, sem eykur rökhugsun, sköpun og skilning á hvernig hugsun er spegluð yfir á tæknina. Verkefni og námsáætlun er aðgengileg á Google Classroom.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Að nemandi:
Vinnulag og vinnubrögð Upplýsingaöflun og úrvinnsla Tækni og búnaður Sköpun og miðlun Siðferði og öryggismál	<ul style="list-style-type: none">nýti upplýsingaver sér til gagns bæði í stýrðu námi og á eigin forsendum.nýti sér rafrænt námsefni á í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.sýni sjálfstæði í vinnubrögðum undir leiðsögn og í samvinnu með öðrum.nýti sér mismunandi tæknibúnað á hagkvæman og fjölbreyttan hátt.beiti rétttri fingrasetningu.



	<ul style="list-style-type: none">• nýti fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi.• nýti rafrænt og gagnvirkt námsefni á fjölbreyttan hátt.• geti verið gagnrýnn á gæði ýmissa upplýsinga.• vinni með heimildir og geti sett fram einfalda heimildaskrá.• nýti hugbúnað og forrit við einfalda uppbyggingu og uppsetningu ritsmíða.• nýti hugbúnað/forrit við einfalda framsetningu á tölulegum gögnum.• nýti hugbúnað/forrit við gerð ritunarverkefna og framsetningu tölulegra gagna.• nýti hugbúnað/forrit við myndvinnslu, gerð stuttmynda og hljóð- og tónvinnslu.• nýti hugbúnað/forrit við vefsmíðar.• geti rætt og útskýrt á gagnrýnn hátt eigið upplýsinga- og miðlalæsi.• nýti hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á skapandi og skýran hátt.• sýni ábyrgð í meðferð upplýsinga og við heimildavinnu.• fari eftir reglum um ábyrga netnotkun, sé meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra og geti tekið ábyrgð á eigin samskiptum og gögnum á Neti- og netmiðlum.
--	--

Námsmat

Í upplýsinga- og tæknimennt er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið. Þegar um samþætt nám er að ræða er mikilvægt að allir, sem koma að kennslunni, sinni námsmati en umsjónar- eða faggreinakennari tekur þó meginábyrgð á því.

Námsmat er alhliða og nær til allra færniþátta, endurspeglar hæfniviðmið og viðfangsefni. Metin er



hæfni nemandans til að afla upplýsinga, ígrundunar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og ábyrgðar á eigin námsframvindu. Nemandi fær leiðsögn alls þess fagfólks, sem að kennslunni kemur. Þeir sem að kennslu hans koma gefa umsögn um stöðu nemandans við að ná markmiðum sínum innan námsgreinarinnar og hæfni á sviði upplýsinga- og tæknimenntar



Textílmennt

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku í 1/3 af vetri

Kennari: Hanna Rut Heimisdóttir

Námsefni

Stuðst er við efni frá kennara ásamt ítarefni af veraldarvefnum. Einnig verður stuðst við verkefni af vef Menntamálastofnunar - [Textílmennt námsvefur](#). Að auki verða hin ýmsu hannyrða- og textílblöð nýtt eftir hentugleika.

Kennsluaðferðir

Í textílmennt er leitast við að notast við fjölbreyttar kennsluaðferðir. Dæmi um kennsluaðferðir eru;

- verkleg kennsla þar sem nemandi fær þjálfun í fjölbreyttum vinnubrögðum og eflingu í leikni.
- þrautalausnir þar sem áhersla er lögð á rökhugsun, skipulag, sjálfstæði, gagnrýna hugsun og áræðni.
- sjálfstæð, skapandi viðfangsefni þar sem áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, frjóa og skapandi hugsun og hugmyndavinnu.

Áætlun

Efnisþættir		Nám sviðmið. Að nemandinn:
Aðferðir	Handbragð	<ul style="list-style-type: none">○ geti nýtt sér saumavél upp á eigið sjálfstæði○ geti nýtt sér formfræði○ geti nýtt sér val á efni○ geti áætlað stærð og efnisþörf○ geti skapað sitt eigið mynstur út frá sköpun○ geti gagnrýnt eigið verk○ geti gert textílverk að sínu○ geti gert sér grein fyrir fallegu og vel unnu handverki○ geti aflað upplýsinga á internetinu○ geti tjáð sig um mismunandi tískustrauma○ geti gert sér grein fyrir merkingum textílefna○ geti tjáð sig um textíliðnað tengdum fatagerð○ geti tjáð sig um mikilvægi umhverfis í textílgerð
Form	Litafræði	
Rökstuðningur	Miðlar	
Efnisfræði	Saga	
Snið	Iðnaður	
Máltaka	Tjáning	
Efnisþörf	Tákn	
Sköpun	Tíska	
Gagnrýni	Sérkenni	
Hugsun	Merkingar	
Hönnun	Textíliðnaður	
Skreyting	Sjálfbærni	
Mat	Umhverfisvernd	



Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskólanna. Símat allt námstímabilið. Verkefni nemenda eru metin eftir vandvirkni, útfærslu, frumleika og metnaði. Lokamat byggir á vinnusemi, jákvæðni, áhuga, framkomu og hvernig nemanda gengur að fylgja fyrirmælum. Stuðst er við leiðsagnarmat og símat.

Myndmennt

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Sigríður G. Valdimarsdóttir.

Námsefni

Notað er efni frá kennara, einnig valdir kaflar úr bókunum *Myndmennt 1 og 2*, höfundar Anna Cynthia Leplar, Katrín Briem, Margrét Friðbergisdóttir og Sólveig Helga Jónsdóttir og *Listasaga frá hellalist til 1900*, höfundar Halldór Björn Runólfsson og Ingimar Waage, útgefið af Námsgagnastofnun. Ásamt þessu notum við ýmsar listaverkabækur, netsíður, barna- og fræðibækur við vinnu okkar.

Kennsluaðferðir

Í einni kennslustund eru notaðar ýmsar kennsluaðferðir. Við innlögð verkefna er notast við útlistunarkennslu og einnig umræður og spurnaraðferð. Þegar kemur að verklegum æfingum er notast við leitaraðferð við hugmyndavinnu en einnig notuð bein kennsla með áherslu á að virkja skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð. Spjaldtölvur eru notaðar í hugmyndavinnu og við úrvinnslu sumra verkefna.

Áætlun



Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Aðferðir Sköpun Hugmyndir Miðlun Greining Tækni Skoðanir Tilfinningar Reynsla Gagnrýni Tilraunir Samtal Skrásetning Ímyndunarafli Rannsókn Orðaforði Hugtök Tjáning Þekking Sanngirni Virðing Stílar Stefnur Túlkun Fagurfræði Tilgangur	<ul style="list-style-type: none">• geti notað fjölbreyttar aðferðir og tækni við myndsköpun sína• geti sýnt tilfinningar og skoðanir sínar í myndverkum• geti á vinnuferlinum sýnt og útskýrt hvert vinnan stefnir• geti tekið þátt í að fjalla um sín verk og annarra á uppbyggilegan hátt• geti tekið þátt í samtali um ýmsa stíla og stefnur í myndlist• geti túlkað listaverk og hönnun miðað við reynslu og í tengslum við samtímann og fagurfræði• geti valið sér efni og aðferðir við sköpun sína



Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskólanna. Símat allt námstímabilið. Lokamat byggir á hvernig nemandinn fylgir fyrirmælum, hvernig færni hans og leikni er, hvort hann sýni áhuga á náminu og vinnusemi í tímum. Verkefni nemenda eru metin hvort þau séu vel unnin, vel útfærð, frumleg og metnaðarfull.

Hönnun og smíði

Tímafjöldi á viku: 2, hálfan veturinn. Kennt fyrir og eftir áramót.

Kennari: Davíð Ketilsson

Námsefni

Verkefna og hugmyndablöð, fagbækur, handverkfæri, mælitæki, smíðaeefni og efni til yfirborðsmeðhöndlunar.

Kennsluaðferðir

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla. Kennslan er einstaklingsmiðuð. Nemendur safna hugmyndum og gögnum í verkefnaöppu.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hönnun	<ul style="list-style-type: none">• geti greint þarfir í umhverfi sínu, rætt mögulegar lausnir og útfærslu að verkefni með tilliti til nota- og listgildis• geti dregið upp málsetta grunn-, útlits- og sniðmynd af smíðisgrip og unnið eftir henni• þekki helstu smíðaeefni, uppruna og notagildi þeirra
Tré	
Málmur	
Plast	
Efnisfræði	
Handverkfæri	



Efnisnýting Meðferð yfirborðsefna Umgengni	<ul style="list-style-type: none">• geti valið og notað á réttan hátt vélar, handverkfæri og mælitæki sem hæfa hverju verkefni• geti valið samsetningar og yfirborðsmeðferð við hæfi• geti hannað og smíðað verkefni sem nýtir orkugjafa og lýst því hvaða virknipættir eru að verki í ýmsum hlutum• verði meðvitaður um hættuleg efni, efnisnýtingu og endurvinnslu• geti útskýrt og notað réttar vinnustellingar og valið viðeigandi hlífðarbúnað• geti sýnt vinnufélögum tillitsemi og sé meðvitaður um góða umgengni
--	---

Námsmat

Símat með áherslu á: Hugmynd og hönnun, iðni og afköst, umgengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni. Gefið er í bókstöfum.



Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: 80 mínútur á viku hver hópur hálfan veturinn.

Kennari: Erla Sigurbjartsdóttir.

Námsefni

Heilsa og lífstíll sem er vinnuhefti sem kennari tók saman. Þar er farið í helstu þætti næringarfræðinnar, 6 H heilsunnar, fæðuhringinn og almennan lífstíl.

Kennsluaðferðir

Kennari útskýrir fyrir nemendum í upphafi tímans verkefni dagsins og fer yfir það á töflu og skjávarpa þar sem uppskrift er. Nemendum er síðan skipt í hópa þar sem þeir vinna saman 2 – 4 í hóp en það fer eftir hvert verkefnið er. Ef vinna á í vinnubók líka fer kennari yfir þær blaðsíður og útskýrir fyrir nemendum. Nemendur byrja síðan sína vinnu og kennari gengur á milli hópa og aðstoðar og útskýrir eftir þörfum.

Áætlun

Efnisþættir	Nám sviði mið Nemandinn:
Heilbrigði og lífstíll	<ul style="list-style-type: none">geri sér grein fyrir að góður svefn, gott mataræði og hreyfing séu mikilvægir þættir í heilbrigðum lífstílþekki orkuefnin, helstu vítamín og fæðuhringinn, og geti sett saman máltíðir sem innihalda sem flesta flokka sem ráðlagðir erugeri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis við matreiðslu og læri rétt vinnubrögð við uppvasgeri sér grein fyrir hráefniskostnaði og læri að fara vel með hráefni sem notað er
Næringarfræði	
Almenn þrif á heimilum	
Hráefni	
Læsi á uppskriftir	
Matreiðsluaðferðir	
Áhöld og mælitæki	
Slyshættur og viðbrögð við slysum í eldhúsi	
Verkaskipting á heimilum	
Matarmenning	



	<ul style="list-style-type: none">• geti lesið uppskriftir af blaði og geti stækkað eða minnkað eftir þörfum• þekki helstu aðferðir við matreiðslu sbr að sjóða, steikja og þjálfast áfram í að skera, saxa og flysja og nýti þannig hráefnin eftir bestu getu• haldi áfram að þjálfast í helstu aðferðum við bakstur sbr að hnoða, hræra og fletja út• þekki helstu áhöld og mælitæki sem notuð eru við matreiðslu og bakstur og viti hvernig á að nota þau• þekki helstu hættur sem geta komið upp við vinnu í eldhúsi og geti brugðist við með fyrstu hjálp t.d ef nemandi brennir eða sker sig• hugi að eigin heilbrigði með því að kjósa heilbrigðan lífstíl• geri sér grein fyrir mikilvægi þess að skipta með sér verkum og deila ábyrgð.• þjálfast í að vinna sjálfstætt
--	---

Námsmat

Námsmat er byggt á hæfniviðmiðum aðalnámskrá grunnskólanna. Einnig er farið vinnusemi og vinnubrögðum sem og frágangi og framkomu.